

Tilmæli 37/2024
Tillaga A 1955/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Efling og einföldun samgangna á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 31. október 2024 eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að stækka almenningssamgöngukerfið á Norðurlöndum og auka framboð á almenningssamgöngum allan sólarhringinn, til dæmis næturlestum;
- að byggja upp og tengja innviði almenningssamgangna á Norðurlöndum;
- að byggja upp sameiginlegt farmiðakerfi sem geri almenningi kleift að kaupa farmiða í miðasölukerfi búsetulandsins – og þurfa ekki að leita að farmiðum hjá mismunandi söluaðilum í löndunum;
- að koma á sameiginlegu regluverki sem auðveldar öllum á Norðurlöndum að greiða með ferðaappi síns eigin lands þegar ferðast er um Norðurlöndin;
- að vinna að því að bæta innviði og gera þá sambærilegri, til dæmis með því að innleiða sameiginlega staðla; og
- að innleiða norræna interrail-passa til að við getum tengt Norðurlöndin enn betur saman.

Reykjavík, 31. október 2024

Bryndís Haraldsdóttir,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs